

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðaláanasjóðs í febrúar 2016 námu 1,6 milljörðum króna, en þar af voru 149 milljónir vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í janúar 2016, 266 milljónum króna. Meðalfjárhæð almennra lána var 9,3 milljónir króna.

Ávoxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa lækkaði í febrúar. Ávoxtunarkrafa HFF24 lækkaði um 29 punkta, HFF34 um 16 punkta og HFF44 um 7 punkta. Heildarvelta íbúðabréfa nam 9,1 milljarði króna í febrúar samanborið við 10,4 milljarða í janúar.

Greiðslur Íbúðaláanasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu 10,6 milljörðum króna í febrúar. Uppgreiðslur námu 3,3 milljörðum samanborið við 2,9 milljarða í janúar.

Þróun vanskila útlána

Vanskil einstaklinga halda áfram að dragast saman. Í lok febrúar nam fjárhæð vanskila útlána til einstaklinga 2,7 milljörðum króna og var undirliggjandi lánavirði 27,3 milljarðar króna eða um 5,4% útlána sjóðsins til einstaklinga. Heimili í vanskilum eru 1.309. Hlutfall undirliggjandi lánavirðis lögaðila í vanskilum lækkaði í mánuðinum. Fjárhæð vanskila útlána til lögaðila nam 3,0 milljörðum króna og nam undirliggjandi lánavirði 15,5 milljörðum króna. Tengjast því vanskil 10,7% lánafjárhæðar sjóðsins til lögaðila.

Heildarfjárhæð vanskila nam 5,7 milljörðum króna, samanborið við 6,1 milljarði í lok janúar. Vanskil ná samtals til 6,6% lánasafnsins, en sambærilegt hlutfall í febrúar 2015 var 8,9%. Hlutfall undirliggjandi lánavirðis í vanskilum lækkaði um samtals 2,7 milljarða króna milli mánaða.

Vanskil teljast hér lán í vanskilum umfram 90 daga vanskil.

Staða verðbréfalána eftir flokkum í lok febrúar

| Flokkur | HFF24 | HFF34 | HFF44 |
|------------------------|-------|-------|-------|
| Útistandandi bréf (NV) | 0,5 | 0,5 | 1,1 |

Útboð, útlán og greiðslur Íbúðaláanasjóðs

| Niðurstaða 2016 | Áætlun 1Q | Raun 1Q | Raun feb '16 |
|------------------------|--------------|------------|-----------------|
| Utgáfa íbúðabréfa (NV) | 0 | 0 | 0,0 |
| Ný útlán ÍLS | 0 | 1,9 | 1,6 |
| Greiðslur ÍLS | 0 | 14,5 | 10,6 |

| Elgendur íbúðabréfa | HFF24 | HFF34 | HFF44 |
|--------------------------|-------|-------|-------|
| Bankar og sparisjóðir | 0,6% | 0,4% | 0,0% |
| Einstaklingar | 3,5% | 1,1% | 0,7% |
| Erlendir aðilar | 1,2% | 1,0% | 1,0% |
| Önnur fyrirtæki | 4,2% | 1,5% | 0,9% |
| Lánafyrirtæki | 3,4% | 3,2% | 1,8% |
| Lifeyrissjóðir | 63,8% | 78,4% | 89,7% |
| Tryggingafélög | 3,1% | 1,4% | 0,8% |
| Verðbr.- og fjárf.sjóðir | 18,3% | 12,1% | 4,5% |
| Aðrir | 1,8% | 0,7% | 0,6% |
| Nafnverð | 160,4 | 171,7 | 269,5 |

Af heildarútgáfu nafnverðs eru 6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Allar tölur eru í milljörðum íslenskra króna.

Febrúar 2016


Samantekt

- Heildarútlán voru 1,6 milljarðar króna
- Uppgreiðslur námu 3,3 milljörðum króna
- Heildarfjárhæð vanskila nam 5,7 milljörðum króna og lækkaði um 5,4% milli mánaða
- Vanskil tengjast 6,6% alls lánasafns ÍLS
- Fjöldi fullhurstueigna er 1.300 þar af eru 615 íbúðir í útleigu

Útlánnavextir Íbúðaláanasjóðs

4,20% fastir vextir


Ávoxtunarkrafa íbúðabréfa




| Flokkur | Des. 2015 | Jan. 2016 | Feb. 2016 | Meðal- liftíml | Nafn- verð | Eft.st. Nafnv. |
|---------|--------------|--------------|--------------|-------------------|---------------|-------------------|
| HFF24 | 2,75% | 2,98% | 2,68% | 4,1 | 160,4 | 78,6 |
| HFF34 | 2,69% | 2,82% | 2,66% | 8,4 | 171,7 | 127,0 |
| HFF44 | 2,62% | 2,75% | 2,68% | 12,5 | 269,5 | 227,5 |

*Avuxtunarkrafa á síðasta viðskiptadagi hvers mánaðar. Meðalliftími (ár) og stærð flokka (milljardar) í lok febrúar'16. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum



Vanskil einstaklinga



Vanskil lögaðilla



Fullnustueignir Íbúðaláanasjóðs

Eignasafnið

Í lok febrúar 2016 átti Íbúðaláanasjóður 1.300 fullnustueignir. Sjóðurinn seldi 46 eignir í mánuðinum og bættust jafnframt 23 nýjar fullnustueignir við eignasafnið. Til viðbótar þeim eignum sem seldar voru í mánuðinum þá hefur Íbúðaláanasjóður samþykkt kauptilboð í 142 eignir og vinna nú tilboðsgjafar að fjármögnun þeirra.

Í lok febrúar voru 550 eignir í almennri sölumeðferð hjá fasteignasöllum viðsvegar um landið. Þá voru í lok mánaðarins 615 íbúðir í leigu hjá eignasafni Íbúðaláanasjóðs og eru þessar eignir um land allt. Langflestar þeirra eru leigðar til fjólskyldna og einstaklinga sem dvöldu í eignunum þegar Íbúðaláanasjóður eignaðist þær. Um 75% þeirra fullnustueigna sem bætast við eignasafnið fara í leigu á þennan hátt.

Allar fasteignasölor á landinu geta tekið eignir Íbúðaláanasjóðs í sölumeðferð en unnið er eftir samstarfssamningi við Félag fasteignasala um verklag við sölu eigna sjóðsins. Eignir sjóðsins eru leigðar út á markaðsverði og er miðað við sambærilegar eignir útleigu eftir staðsetningu, stærð, aldri o.fl.

Í töflu hér til hliðar er yfirlit yfir staðsetningu eigna, flokkað eftir landshlutum og nýtingu/ráðstöfun þeirra. Í lok febrúar hafði 1.191 eign eða 92% fullnustueigna sjóðsins verið ráðstafað í leigu, sölumeðferð eða í vinnslu. Þá biðu 109 eignir frekari greiningar og fara þær ýmist í sölu eða leigu.

Íbúðir Íbúðaláanasjóðs eftir landshl. og stöðu í lok feb 2016

| | Í sölu | Í leigu | Auðar | Í vinnslu | Samtals feb. '16 | Samtals Jan. '16 |
|----------------|------------|------------|------------|-----------|------------------|------------------|
| Höfuðb. svæðið | 44 | 148 | 12 | 8 | 212 | 212 |
| Suðurnes | 182 | 183 | 23 | 4 | 392 | 408 |
| Vesturland | 70 | 53 | 16 | 3 | 142 | 146 |
| Vestfirðir | 32 | 13 | 9 | | 54 | 56 |
| Norðurland v. | 13 | 4 | 1 | | 18 | 17 |
| Norðurland e. | 36 | 35 | 7 | 4 | 82 | 81 |
| Austurland | 97 | 102 | 33 | 2 | 234 | 233 |
| Suðurland | 76 | 77 | 8 | 5 | 166 | 170 |
| Samtals | 550 | 615 | 109 | 26 | 1.300 | 1.323 |

Seldar íbúðir

